



**Nýársávarp  
forseta Íslands  
Guðna Th. Jóhannessonar  
1. janúar 2018**

Góðir Íslendingar. Góðan dag og gleðilegt ár!

Um áramót lítum við gjarnan um öxl, rifjum upp viðburði ársins. Margt bar til tíðinda á nýliðnu ári. Það gæti ært óstöðugan að rekja átök í heimi stjórnmalanna en sitthvað fleira mun rata í annála framtíðarinnar. Listafólk auðgaði mannlífið og sama gerðu stelpurnar okkar og strákarnir okkar í hinum ýmsu íþróttum, báru hróður Íslands víða og sýndu hverju hægt er að áorka þegar saman fara vilji og þor, eining og agi. Margir sigrar unnust og við gátum svo sannarlega glaðst – en sorgin kvaddi líka dyra.

Um miðjan janúar fyrir tæpu ári hvíldi drungi yfir mannlífinu hér. Ungrar stúlku var saknað, hún sneri ekki heim, hvað hafði komið fyrir? Leitin mikla hófst, okkar öfluga björgunarsveitarlið kom saman hvaðanæva af landinu og almenningur lét sitt ekki eftir liggja. „Við ... fórum í bíltúr í kvöld,“ skrifaði einn á Fésbók, „að svipast um eftir stúlkunni sem hefur verið saknað ... Við keyrðum ... upp í Heiðmörk, kringum Elliðavatn og upp í Urriðaholt. Alls staðar var fólk að leita, sums staðar bíll á eftir bíl á fáförnum slóðum og glampar af vasaljósum út um allt. Þrátt fyrir að hafa ekki fundið neitt sem komið getur að gagni var sterkt að upplifa samkenndina sem myndast hjá ókunnugu fólki við aðstæður sem þessar.“

Aðrir tóku í sama streng. Við vonuðum saman og leituðum saman, við óttuðumst saman og við báðum mörg saman. Þann þjóðarhug festi í orð rithöfundurinn Guðmundur Brynjólfsson:

Nú biðji sem biðja,  
nú óski sem óska,  
nú voni sem vona,  
nú hugsji allir þá hlýju hugsun,  
þá einu ósk, þá bæn og von  
sem býr með smárri þjóð.

Við misstum hana. Við misstum brosmilda stúlku sem átti drauma og þrár, lífið allt framundan. „Þessi voveiflegi atburður má aldrei skilgreina Birnu,“ sagði séra Vigfús Bjarni Albertsson sjúkrahúsprestur í eftirmælum sínum. En það sem var svo sérstakt hina dimmu daga, það sem mun lifa í minningu fólks, var leitin mikla og samkenndin, samhugur heillar þjóðar.

Fleiri urðu valdniðslu að bráð hér á nýliðnu ári, féllu fyrir hendi annarra; ungur faðir frá börnum sínum, útlendur piltur í leit að betra lífi, erlend kona sem lagði sinn skerf til samfélagsins og sagði Ísland öruggasta land veraldar, vegin af manni sem kvaðst hingað kominn í leit að skjóli. Miskunnarleysið getur verið mikið í þessum heimi. En það er ekki bundið við tiltekinn eða tilbúinn hóp fólks, það þekkist ekki á þjóðerni eða trú.

Hugsum til þeirra sem eiga um sárt að binda eða minnst liðins árs með sorg í hjarta. En leyfum voninni líka að lifa og færa fólki styrk. Martin Luther King sagði á sínum tíma að sönn umhyggja yrði að lokum allri illsku yfirsterkari. Nýlega lét rithöfundurinn Auður Ava Ólafsdóttir söguhetju sína, sem misst hafði lífslöngun en fann svo neista á ný, mæla þessi orð: „Ég hef hitt nógu margar góðar manneskjur til að trúa á manninn.“

Kæru landar. Kannski verður nýliðins árs einkum minnst fyrir þau tímamót að konur fylktu liði gegn kynferðislegri áreitni og ofbeldi, sögðu hingað og ekki lengra og karlar tóku undir. Við eigum að standa saman um samfélag sem hafnar ráðriki hinna freku, áfergju þeirra sem þykjast geta komist upp með hvað sem er. Í þessum efnunum sem öðrum má þó varast alhæfingar, hvíksögur og haldlausar ásakanir; þær spilla góðum málstað.

Og nú er nýtt ár hafið. Áföll munu áfram dynja yfir. Óréttlæti mun áfram sviða. Getum við í raun og veru litið björtum augum fram á veg? Hvað getur vakið með fólki von um betri heim?

Árið 1918, fyrir rétttri öld, urðu tímamót. Ísland varð frjálst og fullvalda ríki, áfram undir Danakonungi en með fyrirheit um fullt sjálfstæði. Fólkið fagnaði en framtíðardraumarnar voru blandnir ugg og sorg hinnar líðandi stundar. Árið hófst með frostum, hörkugaddi sem varði vikum saman um land allt. Svo gaus Katla og mesta mildi að hún olli litlum búsifjum. Spænska veikin, inflúensan skæða, lagði hundruð landsmanna að velli um haustið. Þetta ár lifðu Íslendingar ófáa dimma daga.

En samt, en samt, þá lifði vonarljós. Í hundrað ár hafa skipst hér á skin og skúrir, ógnir og aðstoð að utan, framfarir sem byggðust á dugnaði okkar og hyggjuviti, afturkippir og sjálfskaparviti. Og hér erum við enn. Saman getum við litið stolt yfir liðna tíð og við, sem yngri erum, megum þakka hinum eldri fyrir þeirra drjúga þátt, okkur til hagsbóta. Ríki okkar er vel stætt og megi marka kannanir eru Íslendingar upp til hópa hamingjusamir.

Við skulum því hiklaust leyfa okkur að horfa bjartsýn til framtíðar, bjartsýn en raunsæ og hógvær um leið. Hvaða siði og venjur þurfum við að halda í? Hvað hefur gefist vel, hvað miður? Hvað er að óttast? Hvað ber að varast?

Við þessum spurningum eru engin einhlít svör. Þannig á það að vera í frjálsu samfélagi. Lærdómur liðinnar fullveldisaldar getur þó hæglega verið þessi: Við þurfum að hlúa að náttúru landsins og menningu. Við erum háð umheiminum og þróun mála þar og við þurfum að sýna ráðdeild og fyrirhyggju, samkennd og mannúð.

Fyrir hundrað árum óx aldamótakynslóðin úr grasi, vormenn Íslands. Nú skyldi rækta hið nýja land. Síðan tók við útvegsöld. Sá auður sem skóp hér velferðarsamfélag kom einkum úr blikandi hafi. Sjávarafli ræður ekki eins miklu um hag þjóðarinnar og fyrr, sífellt færri vinna við fiskveiðar og fiskvinnslu. Auðlindir hafsins verða okkur þó áfram drjúgar og því má hampa að í útvegi okkar Íslendinga eru nýsköpun og tækniþróun í fyrirrúmi. Okkur hefur líka tekist að stöðva ofveiði, við ráðum miðunum sjálf og viljum gera það áfram. Illvígur vandi blasir hins vegar við, mengun, hlýnun og súrnun sjávar. Því hefur verið spáð að um miðja öldina verði meira plast en sjávarfang í heimsins höfum. Á alþjóðavettvangi ættum við Íslendingar að láta til okkar taka um þessa vá alla. Líklegast er að rödd smáþjóðar heyrir þegar þekking og heilindi búa greinilega að baki.

Til sveita eru vormenn Íslands horfnir á braut. Nú skal mokað ofan í skurði sem skópu tún, endurheimta votlendi í þágu lífríkis og loftslags. Í landbúnaði getur duglegt fólk samt áfram fundið kröftum sínum farveg. Í hinum dreifðu byggðum hafa ný sóknarfæri skapast, ferðaþjónusta, sjálfbærni og vistvænir búskaparhættir lykilorð nýrrar aldar.

Hér á landi hefur lengi verið deilt um stóriðju og stórvirkjanir. „Fram! Temdu fossins gamm.“ Þannig kvað Hannes Hafstein við upphaf síðustu aldar og færði í bundið mál þær vonir þorra fólks að nýta mætti vatnsföllin í þjóðarþágu. Sú varð raunin og við bættust leiðir til að beisla og nýta jarðhita, færa yl og orku í hús. Kosti þessarar samfélags- og atvinnubyltingar má ekki vanmeta.

Blessunarlega mótmæltu þó margir „hernaðinum gegn landinu“, svo að vitnað sé til þekktra orða Nóbelskáldsins um virkjanir og lón sem spilltu að ósekju fagurri náttúru. Kapp er best með forsjá, það sanna dæmin, og nú eru verðmæti mögulegra virkjunarstaða metin í fleiru en megavöttum. Víðerni Íslands eru auðlind sem eyðist þegar af er tekið. Við sjálf og ferðamennirnir, sem flykkjast hingað, viljum njóta landsins í allri sinni dýrð – frá Bláa lóns böðum að nyrstu sjávarströnd eins og Rúnar Júlíusson söng, frá vel þekktum stöðum út í ókönnuð lönd.

Samfélag okkar er á fleygiferð. Sagt hefur verið að hin nýja öld sé öld borganna, öld hátækni og alþjóðavæðingar. Við hljótum að fylgja tímans þunga nið. Þjóðmenning getur samt lifað góðu lífi, blanda hins gamla og nýja, innlendir stofn margra greina sem ferskir vindar blása um hédan og þaðan. Lagið um fólk eins og þig og fólk eins og mig er amerískt en fært í íslenskan búning og boðskapurinn sameiginlegur öllu mannkyni: „Ef dimmir í lífi mínu um hríð, eru bros þín og hlýja svo blíð.“

Já, látum fjölbreytni endilega ríkja í menningu okkar og siðum. Við skulum horfa á Hollywood-myndir og þætti, leyfa ungvíðinu að vera í tölvuleikjum á ensku en njóta um leið bóka, kvikmynda og dægurlaga á hinni lífseigu og dýrmætu tungu okkar. Brýnt er þó að grípa til aðgerða og tryggja íslensku sess í rafrænum heimi. Á nýrri öld munum við tala við hvers kyns tæki og tól – erum þegar byrjuð á því – og það þurfum við að geta gert um alla framtíð á okkar eigin ástkæra og ylhýra máli.

Góðir landsmenn: Nú mun uppi mikið hagvaxtarskeið hér á landi, góðæri sem sumir líkja jafnvel við hið ljúfsára ár 2007. Laust fyrir jól mátti lesa í einum fjölmiðli að þessi gósentíð sæist meðal annars í eldhúsum landsmanna „sem virðast verða flottari og dýrari með hverjum deginum“. Annars staðar var frá því greint að endurvinnslustöðvar hefðu vart undan að taka við varningi fólks, oftast en ekki í góðu lagi en utan tískustrauma og þyrfti því að farga. Er þetta alveg sjálfsagt? Á sama tíma berjast margir við að ná endum saman, búa jafnvel við sára fátækt.

Víst er að efnisleg verðmæti tryggja ekki endilega hamingju og lífsgæði. Og víst er það áhyggjuefni hve illa hefur gengið á Íslandi að safna í sjóði þegar vel árar. Er þetta eitthvað í þjóðarsálinni? Í rapplaginu „Græða peninginn“ syngur tíu ári snáði, Úlfur Emilio Machado Tinnuson, um þá list sem geri honum kleift að kaupa ís og bland í poka. „Sóaði öllum peningunum en ég bara græði á morgun,“ segir svo áfram í laginu. Bragð er að þá barnið finnur!

Hér má horfa öfundaraugum til Norðmanna sem báru gæfu til að setja olíuauð sinn í þjóðarsjóð. Við búum líka yfir sameiginlegum auðlindum. Þau lofa því góðu, áform stjórnvalda um þjóðarsjóð Íslands sem tryggi að arður auðlindanna renni til nýsköpunar og nauðsynlegra endurbóta í heilbrigðiskerfinu, auk annarra þjóðþrifamála.

Kæru landar: Allt of lengi brugðumst við þeim sem áttu undir högg að sækja í okkar samfélagi, fólki með líkamlega fötlun eða þroskaskerðingu. Þess vegna er gleðiefni að stjórnvöld hyggjast festa í lög notendastýrða, persónulega aðstoð og innleiða Sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Við brugðumst líka ungmennum sem lentu utangarðs, krökkum sem mörg hver þurftu að þola óreglu og eymd í heimahúsum. Á liðnu ári hlaut Vigdís Grímsdóttir rithöfundur verðlaun Jónasar Hallgrímssonar og er vel að þeim

heiðri komin. Fyrir nokkru mælti hún þessi vísdómsorð: „Það eina sem skiptir í rauninni virkilegu máli er að vera góður við börn. Þar liggur allt.“

Við búum í samfélagi og eigum að hugsa vel hvert um annað, einkum þá sem þurfa á aðstoð að halda, nær og fjær. Ég vona að við sýnum áfram þá þrautseigju og elju sem hefur fleytt okkur á framfarabraut, en að við sýnum líka þá samkennd og mildi sem þarf í öfluggu samfélagi. Ég vona að við getum verið sammála um þann grundvöll þjóðskipulagsins að jafnrétti ríki á öllum sviðum, að allir fái grunnmenntun og geti reitt sig á öflugt velferðar- og heilbrigðiskerfi, óháð efnahag eða búsetu, að allir megi njóta eigin atorku en greiði sanngjarna skatta og skyldur til sameiginlegra þarfa, og allir njóti arðs af sameiginlegum auðlindum okkar.

Kæru landar: Fyrir hönd okkar Elizu óska ég ykkur öllum farsældar og blessunar. Gleðilegt nýtt ár.